

**Nd. 845. Breytingartillaga [10. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun.

Frá iðnaðarráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan skv. því:  
2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „raforkumálastjóra“ í 3. tölul. komi: Orkustofnun.
- b. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, nr. 4, svo hljóðandi:

Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið.